


Óhreinu börnin hennar Evu:

Um samspil skóla án aðgreiningar og ADHD

Ásdís Ýr Arnardóttir,
Grunn- og framhaldsskólakennari

MA í fötlunarfræði
BA í uppeldis- og menntunarfræði



Forsagan



- Árið 2003 kynntist ég ungu fólki á meðferðarheimili fyrir unglunga í neyslu
 - Fáir í skóla
 - Flestir reknir úr skóla á unglingsárum
 - Um hvað snérist skólaskylda?
 - Afurð, BA ritgerð um samspil skóla- og velferðarkerfis
 - Leiðbeinandi: Dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor
- Fyrsta rannsóknarhugmyndin snéri að nemendum með hegðunar- og vímuefnavanda
 - Allir viðmælendur með ADHD
 - Er ADHD þá vandi sem kerfið ræður ekki við?
 - Afurð, MA ritgerð um samspil skóla án aðgreiningar og ADHD
 - Leiðbeinandi: Dr. Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent

ADHD og fötlunarfræði



- ADHD er ekki skilgreind fötlun en ADHD veldur því að einstaklingar geta í einhverjum tilvikum ekki fullnægt kröfum samfélagsins og samfélagið er í mörgum tilvikum ekki tilbúið að mæta ólíkum þörfum einstaklinga með ADHD
- ADHD er líffræðileg skerðing á taugakerfi sem birtist sem athyglisbrestur, hvatvísi og hreyfiofþvirkni
 - Ofvirku börnin
 - Athyglisbrestur
- Læknisfræðileg sjónarhorn ríkjandi
 - Laga
 - Breyta
 - Lækna

Af hverju menntun og ADHD?



- Rannsóknir hafa sýnt að menntun sem slík hefur ákveðið forvarnargildi gagnvart áhættuhegðun, hún bætir stöðu einstaklinga innan samfélaga og styrkir trú þeirra á eigin getu.
- Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að börn með ADHD eru líklegri en önnur til að taka þátt í áhættuhegðun, líklegri til að flosna frá námi og líklegri til afbrota.
- Nýlegar íslenskar rannsóknir hafa sýnt fram á að stór hluti íslenskra fanga uppfyllir greiningarskilmerki ADHD og hefur ekki lokið grunnmenntun.
- Umhverfið virðist ekki í stakk búið til að mæta ólíkum þörfum nemenda með ADHD.

Rannsóknin




- Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast þekkingu á náms- og kerfislegum veruleika unglunga með ADHD í unglingadeildum sérskóla út frá viðmiðum um hefðbundna skólagöngu.
 - Hvað felst í raun í hugmyndafræðinni „skóli án aðgreiningar“ sé litið til skólagöngu þessa hóps?
 - Hvað hindrar að börn með ADHD stundi nám í almennum grunnskóla?
 - Hvaða hagsmunum þjóna sérskólar sem sérstaklega eru hugsaðir fyrir börn og unglunga með alvarleg félagsleg, hegðunar – og geðræn vandamál?
 - Hvaða framtíðarmöguleikar birtist í sjónarmiðum unglinganna sjálfra, foreldra þeirra, fulltrúa kerfisins og í opinberum skjölum?

Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum: Börn, ungmenni og fötlun



- Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn innan Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum sem ber heitið *Börn, ungmenni og fötlun: Rannsókn á æsku og uppvexti fatlaðra barna og ungmenna*.
- Markmið þeirrar rannsóknar er að afla þekkingar á sjónarhorni og skilningi barna og ungmenna á fötlun, skerðingu, þjónustukerfinu, félagstengslum, tengslum við fjölskyldu, jafningja og fagfólk, hvernig þau takast á við og semja um fötlun í daglegu lífi og samskiptum við aðra.
- Verkefnisstjóri þeirrar rannsóknar er dr. Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræði á Félagsvísindsviði, Háskóla Íslands.


Gagnasöfnun



- Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu 2006-2010
 - Ný löggjöf um grunn- og framhaldsskóla breytti stefnu rannsóknarinnar
 - Ótímabundin brottvísun
- Tvíþætt gagnaöflun;
 - Viðtöl
 - Skjöl sem móta viðhorf og stefnu skólakerfisins




Gagnasöfnun, frh.




- Þátttakendur
 - Ungmenni og foreldrar
 - Þrjú ungmenni með ADHD og foreldrar þeirra
 - Fulltrúar kerfisins
 - Sjö sérfræðingar í menntakerfinu sem koma að menntun barna og ungmenna á einn eða annan hátt

Gagnasöfnun, frh.



- Skjöl sem móta viðhorf og regluverk skólakerfisins
 - Salamanca – yfirlýsingin og rammaáætlun um menntun barna með sérþarfir
 - Lög um grunnskóla nr. 91/2008
 - Þingskjal 319, 2007-2008. Frumvarp til laga um grunnskóla
 - Lög um framhaldsskóla nr. 91/2008
 - Þingskjal 320, 2007-2008. Frumvarp til laga um framhaldsskóla
 - Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti DRÖG (2011)
 - Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti DRÖG (2010)
 - Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - Greinargerð með Skólamálastefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - Stefna og starfsáætlun Reykjavíkurborgar í menntamálum 2010

Skóli án aðgreiningar




- Grunnhugmyndin sett fram í Salamanca-yfirlýsingunni árið 1994, lögfest meginstefna skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Ur Salamanca-yfirlýsingunni:

Við lýsum yfir þeirri sannfæringu okkar að **menntun sé frumréttur hvers barns** og skylt sé að gefa því kost á að ná og viðhalda viðunandi stigi menntunar; börn séu mismunandi og hafi sérstök áhugamál, hæfileika og námsþarfir; í **skipulagi menntakerfis og tilhögun náms beri að taka mið af miklum mun á einstaklingum og þörfum þeirra**; einstaklingar með sérþarfir á sviði menntunar skuli hafa aðgang að almennum skólum og þar beri að mæta þörfum þeirra með kennsluaðferðum í þeim anda að mið sé tekið af barninu; **almennir skólar séu virkasta aflið til að sigrast á hugarfari mismununar**, móta umhverfi sem tekur fötluðum opnum örmum, **móta þjóðfélag án aðgreiningar** og koma á menntun öllum til handa; enn fremur megni þeir að veita þorra barna góða menntun og stuðli að skilvirkni menntakerfisins í heild og bæti, þegar til lengdar lætur, nýtingu fjármuna




Niðurstöður: Skóli án aðgreiningar



- Menntun lykilatriði, heimaskóli aukaatriði
- Mismunandi skilningur sérfræðinga í menntamálum
- Sveigjanleiki í skólastarfi er aðgreining
- Hlutverk foreldra
- Sérskóli innan skóla án aðgreiningar




Niðurstöður: Hefðbundin skólaganga



- Skólasaga þriggja drengja
- Hindranir við hefðbundna skólagöngu
 - Vanlíðan, einelti og félagatengsl
 - Brot á skólareglum og viðmiðum skóla
 - Viðhorf fagfólks og skólaumhverfis
 - Faglegur undirbúningur fagfólks
- Stuðningur við hefðbundna skólagöngu
 - Foreldrasamvinna
 - Námsumhverfi byggt á styrkleikum
 - Stuðningur við fagfólk og ráðgjöf til skóla
 - Eftirlit og aðhald



Niðurstöður: Framtíðarmöguleikar



- Að loknum grunnskóla
- Skertir möguleikar en mörg tækifæri
- Réttur (og skylda) til áframhaldandi náms
 - Allir eiga rétt á námi við hæfi að loknum grunnskóla
 - Allir eru fræðsluskyldir til 18 ára aldurs

Niðurstöður í hnotskurn



- Unnið hefur verið markvisst að því að koma á skóla án aðgreiningar en ákveðinnar andstöðu gætir við stefnuna, m.a. vegna ákveðinna nemendahópa
- Einelti, viðhorf og faglegur undirbúningur starfsfólks skóla hindrar eðlilega skólagöngu
- Foreldrasamvinna, jákvætt námsumhverfi, stuðningur við fagfólk, eftirlit og aðhald styðja við framgang hugmyndafræðinnar
- Mismunandi viðhorf einkenna möguleika ólíkra nemenda á framhaldsnámi en m.a. er fræðsluskyldu stjórnvalda til 18 ára aldurs ætlað að koma til móts við þennan hóp